

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Hellnahraun, 3. áfangi, breyting á deiliskipulagi.*

Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 27. mars 2020 breytingu á deiliskipulagi Hellnahrauns, 3. áfanga. Um er að ræða lóðir við Borgahellu, Búðahellu, Dofrahellu og Straumhelli 1-8. Í breytingunni felst að byggingarreitir lóða stækkar, 8 lóðum er bætt við á skipulagssvæðinu, heimilt verður að sameina lóðir og hámarkshæð mannvirkja í flokki B1 verður 12 m. Nýtingarhlutfall lóðanna verður óbreytt. Deiliskipulagsbreytingin var grenndarkynnt frá 12. febrúar til 25. mars 2020. Engar athugasemdir bárust.

Uppdráttur og greinargerð voru lagfærð til samræmis við ábendingar Skipulagsstofnunar.

Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hafnarfirði, 8. júlí 2020.*

F.h. skipulagsfulltrúa,

**Guðrún Guðmundsdóttir.**